

Skattavakt PwC

Fréttabréf Skatta- og lögfræðisviðs

Skattavaktin er mánaðarlegt fréttabréf PwC hf. þar sem sérfræðingar á Skatta- og lögfræðisviði félagsins skrifa um athyglisvert efni tengt skattarétti. Leitast er við að gera grein fyrir nýju efni, hvort sem um er að ræða dóma, lög, frumvörp, úrskurði eða stjórnvaldsákvarðanir.

Efnisyfirlit

Dómur Hæstaréttar

Fjallað er dóm Hæstaréttar í máli nr. 143/2009, Íslenska ríkið gegn Glitni banka hf.

Auglýsing ríkisskattstjóra

Gerð er grein fyrir auglýsingu ríkisskattstjóra um reikning fyrninga og vaxta vegna fjármögnunarleigu fólksbifreiða skv. 4. tölul. 50. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Skattmat 2010

Fjallað er um nýmæli í skattmati 2010 varðandi líkamsræktarstyrki.

Fjármagnstekjur – skilaskylda 2010

Sagt er frá næstu gjalddögum afdreginnar staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts á árinu 2010.



Hæstaréttardómur 143/2009

Málavextir eru þeir að þann 3. desember 2003 keypti Glitnir banki hf. (þá Íslandsbanki hf.) af Fjárfestingafélaginu Straumi hf. alla hluti í Framtaki fjárfestingabanka hf. Kaupverðið var greitt með reiðufé. Gerð var samrunaáætlun milli Glitnis og Framtaks 27. janúar 2004 og skyldi Glitnir taka við öllum rekstri, eignum og skuldbindingum félagsins. Hlutfé í Framtaki félli niður við samrunann og yrði því þá slitið. Glitnir kvaðst hafa lagt til grundvallar í skattskilum vegna ársins 2004 að allar eignir og skuldir Framtaks hefðu við samrunann færst til sín á svokölluðu skattalegu bókfærðu verði og hefði hann jafnframt nýtt yfirfæranlegt rekstrartap þess félags til frádráttar skattskyldum tekjum sínum.

Í úrskurði ríkisskattstjóra 28. desember 2006 var þessu hafnað. Var miðað við að Framtak teldist hafa verið slitið án þess að um sameiningu félagsins við Glitni hefði verið að ræða. Af þeim sökum hefðu myndast hjá félaginu tekjur vegna söluhagnaðar á árinu 2004, sem svöruðu til mismunar á markaðsverði eigna þess í kaupum Glitnis annars vegar og skattalegu bókfærðu verði eignanna hins vegar, en frá þeirri fjárhæð kæmi til frádráttar yfirfæranlegt rekstrartap félagsins. Þá var ákveðið að leggja 25% álag á vantaldar tekjur félagsins. Í úrskurðinum var jafnframt miðað við að yfirfæranlegt rekstrartap Framtaks kæmi að fullu til frádráttar við ákvörðun tekjuskattstofns þess félags og gæti ekki flust til Glitnis. Af þeim sökum hækkaði tekjuskattstofn Glitnis, auk þess sem ríkisskattstjóri ákvað að bæta 25% álagi við þá fjárhæð. Með þessu voru opinber gjöld Glitnis vegna gjaldársins 2005 hækkuð um samtals 589.073.851 krónu, sem hann greiddi með fyrirvara.

Glitnir höfðaði mál til að fá úrskurði ríkisskattstjóra hnekkt. Héraðsdómur féllst á kröfur Glitnis og felldi úrskurð ríkisskattstjóra úr gildi þar sem hann þótti ekki byggður á réttum forsendum (sjá nánar umfjöllun í Skattavakt 12. tbl. 2008).

Í dómi Hæstaréttar var kröfum Glitnis hafnað. Ekki var fallist á að neinir þeir gallar hefðu verið á málsmeðferð ríkisskattstjóra, sem valdið gætu ógildingu úrskurðarins. Talið var að beita yrði 1. mgr. 51. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt þannig að tekið væri mið af aðstæðum þegar sameining hlutafélaga væri í reynd ákveðin, en ekki þegar sameiningin kæmi til framkvæmdar. Þegar vegna gagna málsins þótti hafið yfir vafa að Glitnir hefði ákveðið að sameinast Framtaki áður en hann keypti alla hluti í því félagi gegn greiðslu í reiðufé. Af þessum sökum

var talið að ekki væri fullnægt skilyrðum 1. mgr. 51. gr. laga nr. 90/2003 til að haga skattskilum Glitnis og Framtaks vegna gjaldársins 2005 á annan veg en ákveðið var í úrskurði ríkisskattstjóra. Þá þótti fullnægt skilyrðum samkvæmt 2. mgr. 108. gr. laga nr. 90/2003 til að bæta fyrrgreindu álagi við tekjur Glitnis og Framtaks. Var íslenska ríkið því sýknað af kröfum Glitnis.

Auglýsing ríkisskattstjóra

Þann 11. janúar var gefin út auglýsing frá ríkisskattstjóra um reikning fyrninga og vaxta vegna fjármögnunarleigu fólksbifreiða skv. 4. tölul. 50. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Útreikningur frádráttarbærs hluta leigugreiðslna rekstrarárið 2009 vegna fjármögnunarleigu á fólksbifreiðum fyrir færri en 9 menn, þó að undanskildum leigubifreiðum, skal vera sem hér segir:

1. Fyrningargrunnur telst vera kaupverð bifreiðar eins og það er ákveðið við kaup leigusala (fjármögnunarleigufyrirtækis) á viðkomandi bifreið að frádregnum áður fengnum fyrningum.
2. Til frádráttar hjá leigutaka á rekstrarárinu 2009 telst 20% fyrning af fyrningargrunni skv. 1. tölul. hér að framan, að viðbættum 14,1% vöxtum reiknuðum hlutfallslega miðað við upphaf eða lok leigutíma á árinu 2009. Vextir reiknast af fyrningargrunni.
3. Fyrning skv. 2. tölul. hér að framan er heimil að fullu rekstrarárið 2009, hvort sem leigutímabilið hefst eða því lýkur á því ári.

Skattmat 2010. Heilsustyrkur.

Samkvæmt skattmati 2010 skal ekki telja til tekna starfsmanna greiðslu frá launagreiðanda, eða eftir atvikum starfsmannafélagi, sem ætlað er að standa straum af kostnaði við að halda góðri heilsu, að því marki sem slík greiðsla fer ekki yfir 25.000 kr. á ári. Skilyrði er að starfsmaður leggi fram fullgilda og ófengjanlega reikninga fyrir greiðslu á slíkum kostnaði.

Fjármagnstekjur – skilaskylda á árinu 2010.

Samkvæmt orðsendingu ríkisskattstjóra 1/2010 hvílir skylda til að draga staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts af arði á öllum einkahlutafélögum og hlutafélögum og öðrum aðilum með takmarkaða ábyrgð félagsaðila.

Sömuleiðis er kveðið á um skyldu tiltekinna aðila til að draga staðgreiðslu af vaxtatekjum, þ.m.t. innleystum gengishagnaði á staðgreiðsluári og áföllnum gengishagnaði í árslok af reikningum í innlánsstofnunum.

Gjaldþagi afdreginnar staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts vegna tímabilsins 1. september.

2009 – 31. desember 2009 var 20. janúar 2010, en eindagi verður 4. febrúar 2010. Hafi ekki verið um neinar arðgreiðslur eða vaxtatekjur að ræða þá ber skilaskyldum aðilum að skila núll skýrslu til skattstofu ella mun hann sæta áætlun skilaskyldrar fjárhæðar af hálfu ríkisskattstjóra.

Næsti skiladagur af fjármagnstekjum, sem falla til eftir 1. janúar 2010, verður þann 20. apríl 2010 vegna tekna á ársfjórðungnum janúar-mars og eindagi 4. maí 2010. Þá ber að halda eftir 18% staðgreiðslu.

Skatta- og lögfræðisvið PricewaterhouseCoopers

Við hjá Skatta- og lögfræðisviði bjóðum upp á margs konar þjónustu, þar með talið ráðgjöf varðandi:

Alþjóðlega skattaráðgjöf · Milliverðlagningu („Transferpricing“) · Skattlagningu rekstraraðila
Skattlagningu einstaklinga · Virðisaukaskatt · Félagarétt · Samruna, skiptingar og yfirtökur

Starfsmenn sviðsins hafa mikla reynslu og yfirgripsmikla þekkingu á sviði skatta- og Félagaréttar og veita viðskiptavinum aðstoð og ráðgjöf varðandi lögfræðileg álitaefni sem skapast innanlands sem og erlendis.


Til að fá frekari upplýsingar um starfsemina er hægt að hafa samband við eftirfarandi starfsmenn:

Ábyrgðarmaður:
Elín Arnadóttir
sviðsstjóri Skatta- og lögfræðisviðs
Sími: +354 550 5322
elin.arnadottir@is.pwc.com

Ritstjóri:
Ásta Kristjánsdóttir
ráðgjafi/lögfræðingur
Sími: +354 550 5352
asta.kristjansdottir@is.pwc.com

Þessi samantekt felur ekki í sér ráðgjöf af neinu tagi. Ekki ætti að hafast samkvæmt vefriti án þess að fá sérfræðilega ráðgjöf. PricewaterhouseCoopers hf., PricewaterhouseCoopers LLP, hluthafar, starfsmenn og umboðsaðilar bera ekki ábyrgð á upplýsingum sem gefnar eru í þessu vefriti eða aðgerðum sem framkvæmdar eru af hálfu annarra aðila á grundvelli þessara upplýsinga.

©2009 PricewaterhouseCoopers hf. Allur réttur áskilinn. "PricewaterhouseCoopers" visar til PricewaterhouseCoopers hf. á Íslandi, nema ráða megi af samhengi eða beinum tilvisunum að visað sé í önnur fyrirtæki í samstæðu PricewaterhouseCoopers International Limited sem öll eru lagalega sjálfstæðar einingar.

PRICEWATERHOUSECOOPERS 

Skógarhlíð 12 · 105 Reykjavík
sími 550 5300 · fax 550 5302
www.pwc.com/is